



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 14/2020

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar á varaafli Símans hf. á náttúruvásvæði Örafajökuls

(málsnr. 2019060021)

I.

Inngangur

(1) Póst- og fjarskiptastofnun gegnir viðtæku eftirlitshlutverki á sviði fjarskipta hér á landi. Fer stofnunin með umsjón framkvæmdar fjarskiptalaga nr. 81/2003 og hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptafyrirtækja. Eitt af því sem fellur undir eftirlitshlutverk stofnunarinnar er að tryggja að fjarskiptafyrirtæki viðhafi ráðstafanir til að tryggja heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta. Getur stofnunin viðhaft frumkvæðisathuganir á starfsemi þeirra og krafist þau um upplýsingar sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála.

(2) Virkni fjarskiptasenda og almennra fjarskiptaneta á náttúruvásvæðum er gríðarlega mikilvæg. Þannig getur það skipt sköpum að koma boðum til íbúa slíkra svæða sem og annarra sem þar eiga leið um þegar til náttúruvár kemur. Póst- og fjarskiptastofnun hefur áður leitast við að skoða gæði varaafls fjarskiptasenda á náttúruvásvæði Kötlu en nú var athyglinni beint að náttúruvásvæði Örafajökuls.

(3) Póst- og fjarskiptastofnun framkvæmdi úttekt á varaafli sendastaða Símans hf. á náttúruvásvæði Örafajökuls þann 13. júní 2019. Vegna mikilla anna hjá stofnunni hefur úrvinnsla úttektarinnar dregist óvenju lengi. Tillit er tekið til þess við framsetningu niðurstaðna og ákvörðunar.

II.

Lagaumhverfi

(4) Póst- og fjarskiptastofnun hefur það hlutverk að tryggja að heildstæði og öryggi almennra fjarskiptaneta sé viðhaldið, sbr. f lið 2. tl. 3. gr. laga nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun. Í þessu skyni er mælt fyrir um það í 3. mgr. 47. gr. fjarskiptalaga að stofnunin setji sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta. Þá er í ákvæðinu kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki geri sérstakar ráðstafanir til að tryggja samfelldan og órofinn rekstur

netanna. Hér er um veigamikið atriði að ræða og mikilvægan þátt í fjarskiptaþjónustu sem lýtur í senn að gæðum þjónustunnar og öryggi fjarskipta.

(5) Með vísan til framangreinds hefur Póst- og fjarskiptastofnun sett sérstakar reglur um virkni almennra fjarskiptaneta, nr. 1222/2007. Í reglunum er kveðið á um þær lágmarks ráðstafanir sem Póst- og fjarskiptastofnun telur nauðsynlegt, eftir atvikum, að fjarskiptafyrirtækin geri til að tryggja samfelldan rekstur almennra fjarskiptaneta og raunlæga vernd þeirra. Þá er sérstaklega tilgreint að þær kröfur sem ekki koma beint fram í reglunum skulu fyrirtækin sjálf bera kennsl á með skipulegu áhættumati og viðhafa aðgerðir til að stýra og stjórna fjarskiptanetum með tilliti til áhættu, sbr. 4. gr. reglnanna. Er fjarskiptafyrirtækjum þannig gert að nýta sér áhrifagreiningu og áhættumat til að draga úr öllum stærri veikleikum og veilum í innviðum sínum. Eins skulu þau gera neyðaráætlun sem byggir á þeirri niðurstöðu áhættumats, sbr. í 7. gr. reglnanna en í ákvæðinu segir:

Fjarskiptafyrirtæki skulu nýta sér áhrifagreiningu og áhættumat til að draga úr öllum stærri veikleikum og veilum í innviðum sínum.

*Í áhrifagreiningu eru dregin fram þau atvik sem geta valdið þjónusturofi, m.a. vegna bilunar, óhappa eða annarra atvika sem ógna öryggi þeirra, t.d. af völdum náttúruhamfara, mannskæðra farsóttu, slysa, **straumleysis**, bilunar í búnaði, innbrota, skemmdarverka o.s.frv.*

Í áhættumati skal meta líkindi þess að atvikin eigi sér stað og hugsanleg áhrif atvikanna að teknu tilliti til veikleika í fjarskiptarekstri og í fjarskiptanetum.

*Í áhættumati skal greina sérstaklega alla mikilvæga innviði. Lýsa skal notkun á mikilvægu innviðunum og samtengingum þeirra við aðra hluta fjarskiptanetsins og við önnur fjarskiptanet. Ennfremur skal lýsa hvernig öryggi mikilvægu innviðanna er tryggt á besta mögulega hátt, þ.m.t. **vernd gegn straumrofi**, upplýsinga- og vöktunarkerfi, aukaleiðir, viðbragðsbúnaður, þjónustusamningar, vernd gegn öryggisatvikum, raunlæg vernd og hvernig er staðið að öryggisafritun.*

Við gerð áhættumats skal fylgja að öðru leyti þeim leiðbeiningum sem fram koma í 7. gr. reglna Póst- og fjarskiptastofnunar nr. 1221/2007 um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

(6) Í 7. gr. tilvitnaðra reglna, nr. 1221/2007, um vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum er í 1. tl. kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki setji sér skriflega öryggisstefnu. Í 2. tl. er fjallað um gerð skriflegs áhættumats með það að markmiði að skapa forsendur fyrir vali á öryggisráðstöfunum og skal það endurskoðað reglulega. Þá skal fjarskiptafyrirtæki, skv. 3. tl. greinarinnar, gera ákveðnar öryggisráðsstafanir á grundvelli áhættumatsins og setja fram skriflegar lýsingar á þeim. Þannig skal fjarskiptafyrirtækið m.a. skilgreina hvaða öryggisráðstöfunum skuli beitt og hvernig þær verði útfærðar sem og að taka skal fram hvernig brugðist verði við áföllum í rekstri fjarskiptaneta.

(7) Framangreint felur í sér að Síminn hf. hefur lögbundna skyldu til að setja sér skriflega öryggisstefnu, framkvæma áhættumat og tryggja raunlæga vernd fjarskiptanets síns, með sérstökum öryggisráðstöfunum til að tryggja samfelldan og órofin rekstur fjarskiptanetsins með sem bestum hætti. Þá ber fjarskiptafyrirtækjum að setja sér skriflega neyðaráætlun sem byggir á niðurstöðum áhættumats, sbr. 8. gr. reglna nr. 1222/2007. Í neyðaráætluninni skal lýsa ráðstöfunum til að tryggja *samfelldan og órofinn rekstur* almennra fjarskiptaneta og fjarskiptaþjónustu. Hvernig áætlað er að endurræsa óvirk fjarskiptanet og mögulega endurheimta upplýsingar sem kynna að hafa misfarist eða skemmt.

(8) Þá er sérstaklega fjallað um varaafli í 18. gr. reglnanna, þar segir í 2. mgr.:

Varaafli skal vera til staðar í þeim tilgangi að stuðla að samfelldri virkni fjarskiptaneta við straumrof. Að öðru leyti en kemur fram í reglum skal varaaflsbúnaðurinn og högun veita þann uppitíma fjarskiptabúnaðarins í samræmi við niðurstöðu áhættumats. Sérstaka áherslu skal leggja á að mikilvægir innviðir séu varðir með nægu varaafli og að til staðar sé nægjanlegur fjöldi færanlegra rafstöðva.

(9) Þannig á ákvörðun um varaaflsbúnað, og þann tíma sem varaaflið á að endast, að grundvallast á niðurstöðum áhættumats fjarskiptafélagsins. Þó er gerð sú sérstaka krafa að þegar hlutar fjarskiptaneta flokkast sem mikilvægir innviðir í áhættumati, þá skuli þeir varðir með nægu varaafli og að til staðar sé nægjanlegur fjöldi færanlegra rafstöðva.

(10) Regluverkið allt byggir á því að ábyrgðin á gerð öryggisstefnu, framkvæmt áhættumats, vali á öryggisráðstöfunum, gerð neyðaráætlunar og tryggingu nægs varaafls hvíli á fjarskiptafyrirtækjum. Eftirlitshlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar felst fyrst og fremst í eftirfylgni á því að framangreint sé gert, t.a.m. með því að kalla eftir gögnum varðandi öryggisstefnuna, áhættumat og að öryggisráðstafanir séu til staðar, hvort gerð hafi verið neyðaráætlun, innra eftirlit sé virkt og hvernig varaafli er háttað og það sé virkt. Hefur stofnunin heimild til að prófa virkni fjarskiptaneta og gera úttektir á því hvort að farið er eftir reglum nr. 1222/2007, sbr. áður nefnd 29. gr. þeirra.

III.

Aðferðarfræði úttektar

(11) Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar byggði á meginlegri aðferðarfærði þar sem kallað var eftir viðeigandi upplýsingum um varaafli á hverjum sendastað og þær upplýsingar staðreyndar svo reyndar með fjarprófun.

(12) Í framangreindum prófunum, var sendastaðurinn, með þeirri þjónustu sem hann almennt veitir, raffæddur af þeim rafgeymum sem tryggja eiga staðnum varaafli komi til straumrofs.

(13) Samkvæmt aðferðafræði skyldi gerð prófun sem stæði yfir í helming þess tíma sem er áætlaður uppitími samkvæmt áhættumati félagsins var fyrir viðkomandi sendastað, þó aldrei minna en 90 mínútur. Sé varaaflið áætlað 6 klst. átti fjarprófun að standa yfir í 3 klst. Væri varaaflið áætlað 2 klst. yrði það prófað í 90 mínútur. Nálágist spenna varaafls þau mörk sem geta leitt til skemmdar á rafgeymum yrði prófunin vera stoppuð. Þá skyldi punktastaða spennunnar tekin á 15 mín fresti yfir þann tíma sem prófunin stæði.

(14) Þá óskaði Póst- og fjarskiptastofnun eftir að framkvæmd yrði prófun á tilteknum degi, þ.e. 13. júní 2019. Niðurstöður prófunarinnar skyldu sendar stofnuninni um leið og þær lægju fyrir í formi línurits sem lýsir falli spennunnar yfir tíma. Þá skyldu koma fram upplýsingar um flotspennu, straumþol varaafls í Ah, hvort tveggja fyrir geymasettið í heild og einstaka geymi, hver straumtektin er fyrir þá þjónusta sem keyrð er á viðkomandi sendastað og, ef við á, hvort um handvirka forgangsröðun er að ræða og hver séu mörk lágmarksspennu áður en slökkt er á prófun.

(15) Auk framangreindrar niðurstöðu þurfti að koma fram rökstuðningur félagsins fyrir því að umrætt próf sýni að varaaflið nái að raffæða umræddan sendastað, með þeirri þjónustu sem

almennt fer um hann, eða með handvirkri forgangsröðun þjónustu, í þann tíma sem félagið áætlar samkvæmt áhættumati.

(16) Með úttektinni var tvennt metið. Í fyrsta lagi hvort að varaafli sé nægjanlegt til að halda uppi þjónustu á svæðinu í 2 klst. og í öðru lagi hver væru gæði varaaflsins m.t.t. áætlaðs uppítíma samkvæmt viðmiðum fjarskiptafélaganna.

(17) Fyrrgreinda markmið byggir á því að um náttúruvásvæði er að ræða þar sem komið getur til náttúruhamfara með með þeim afleiðingum að rýma þarf svæðið með litlum fyrirvara. Komi til eldgoss í Örfafjökli eru jökulhlaup fljótt að ná fram og rýmingartími skammur eða að lágmarki 35-40 mínútur við bestu aðstæður. Við slíkar náttúruvávar er mikilvægt að fjarskiptasamband (og samband fyrir neyðarfjarskipti) sé til staðar á þeim tíma sem rýming á sér stað. Komi í ljós í úttektinni að varaafli einhvers sendastaðar næði ekki að halda uppi fjarskiptaþjónustu sem almennt er veitt á viðkomandi sendi, í 90 mínútur, þ.e. tvöfaldan lágmarksrýmingartíma, óháð áhættumati þess, telst fjarskiptafyrirtæki ekki hafa tryggt virkni fjarskiptanets síns nægjanlega í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti, enda eru 90 mínútur styttri tími en fjarskiptafélög hafa gefið upp sem áætlaðan uppítíma varaafls á viðkomandi svæði.

(18) Síðargreinda markmið stofnunarinnar byggir á áætluðu varaafli fjarskiptafélags, sem vörn gegn straumrofí, á grundvelli áhættumats þess. Var þessi hluti óháður náttúruvá Örfafjökuls. Átti varaafliði að vera prófað í helming þess tíma sem því var ætlað að vara. Að mati stofnunarinnar gefur slík prófun nægjanlega mynd af stöðu varaaflsins til að meta hvort huga þurfi að endurnýjun þess. Við mat á stöðu varaaflsins horfði stofnunin á fall spennunnar yfir tíma prófunartímamann, mögulegt flökt á spennunni, mögulega snarpa lækkun spennunnar yfir próftímamann sem og rökstuðnings félagsins fyrir því að varaaflið tryggi áætlaðan uppítíma þess.

(19) Teldi stofnunin að prófunin sýndi framangreind frávík frá eðlilegu falli spennu og skortur væri á skýringum í rökstuðningi félagsins yrði talið að fjarskiptafyrirtæki hafi ekki hafa tryggt virkni fjarskiptanets síns nægjanlega í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti.

IV.

Boðun úttektar og upplýsingaöflun

(20) Póst- og fjarskiptastofnun boðaði fulltrúa Símans hf. á fund þann 15. mars 2019 þar sem farið var yfir áform stofnunarinnar um að taka út varaafli á umræddu svæði. Í fundarboði var getið um þá staði sem að stofnunin hugðist prófa varaafli fyrir. Um var að ræða fimm sendastaði á náttúruvásvæði Örfafjökuls, þ.e. [...]¹.

(21) Var á sama fundi farið yfir lagaumhverfi sem varðar varaafli og þær kröfur sem hvíla á fjarskiptafélögum hvað það varðar. Þá var fjallað um almenn atriði varðandi virkni fjarskiptaneta á svæðinu og upplýsinga aflað með óformlegum hætti. Var tilkynnt um að félagið fengi formlega upplýsingabeidni og boðunarbréf þar sem aðferðarfræði úttektarinnar yrði kynnt og athugasemda óskað.

(22) Stofnunin óskaði upplýsinga frá félaginu með tölvupósti, dags. 2. apríl 2019. Var óskað upplýsinga um fimm tilgreinda sendastaði félagsins á svæðinu. Þá var óskað upplýsinga um:

¹ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

1. *Áhættumat félagsins m.t.t. straumrofs/varaafls. Mismunandi getur verið milli aðila hvernig áhættumat vegna straumrofs/varaafls er útfært. Hér er óskað upplýsinga um það hvernig straumrof er áhættumetið af félaginu og ef við á, m.t.t. þeirra sendastaða sem um ræðir.*
2. *Hvaða ráðstafanir félagið hefur til að koma í veg fyrir straumrof á umræddum sendastöðum, þ.e. hvort varaafl sé til staðar og þá af hvaða tegund varaaflið er, t.d. rafgeymar eða díselrafstöðvar (eða hvort tveggja). Hversu lengi varaaflið á að geta fætt umræddan sendastað o.fl.*
3. *Hvernig er innra eftirliti með stöðu varaafls háttáð?*
 - a. *Hvernig er það prófað á hverjum sendastað (t.d. fjaraflestur eða á staðnum),*
 - b. *hver er tíðni prófana og*
 - c. *hvernig er mat lagt á niðurstöður prófananna, þ.e. hvernig er metið hversu gott varaaflið er og hvort það standist áætlun félagsins um varaafl fyrir viðkomandi stað? (Er hér t.d. horft til falls spennu yfir ákveðinn tíma og/eða er horft til annarra sjónarmiða líkt og aldur rafgeyma, hitastig o.fl.)*
4. *Hvort, og þá hvernig, nýtingu á umræddum sendi er stýrt komi til straumrofs, svo sem með því að forgangsráða þjónustutegundum m.t.t. orkunotkunar?*
5. *Á félagið umrædda sendastaði legir það hýsingaraðstöðu? Ef félagið aðstöðu, hver er þá hýsingaraðili þess?*
6. *Telur félagið að einn sendastaður sé mikilvægari en annar á umræddu svæði m.t.t. virkni farnets félagsins?*
7. *Hvaða aðrar öryggisráðstafanir telur félagið vera sérstaklega mikilvægar á umræddum sendastöðum, og þá sér í lagi, ef við á, á tilgreindum mikilvægum sendastað sbr. spurningu 6?*
8. *Telur félagið að Póst- og fjarskiptastofnun ætti að líta til annarra þátt þegar virkni farneta á umræddu svæði er metið, svo sem landleiða ljósleiðarastrengja, virkni annarra sendastaða en sem eru innan umrædds rýmingarsvæðis o.fl.?*

(23) Þá var Síminn hf. hvattur til að koma með aðrar upplýsingar og sjónarmið sem félagið telur koma að gagni þegar virkni fjarskiptaneta er metin fyrir umrætt svæði.

(24) Póst- og fjarskiptastofnun barst svar frá félaginu þann þann 15. apríl 2019. Í svörum Símans hf. kemur að aflkerfi Símans hf. séu rædd fyrir á reglulegum áhættumatsfundum um áhættu í rekstri fjarskiptakerfa félagsins, í þessu tilfelli undir áhættumati á farsímkerfum. Yfirferð á áhættumati er gerð um einu sinni á ári og að öryggisstjóri félagsins boði til slíkra funda í samræmi við öryggisstefnu félagsins.

(25) Hvað varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir straumrof á umræddum sendum og hversu lengi því er ætlað að var þá kemur fram í svari félagsins að á flestum sendastöðum sé varaaflsbúnaður til að ráða við styttri útföll. Þessi kerfi eru prófuð sjálfvirkt með fjaraflestri á 90 daga fresti. Þá sé rýmd rafgeyma prófuð sem og samhverfa geyma í rafgeymasetti. Gefi þessar prófanir ástæðu til að ætla að varaaflið standist ekki kröfur eru niðurstöður yfirfarnar og brugðist við.

(26) Þá kemur fram í svari Símans hf., varðandi fyrirspurn stofnunarinnar um þjónustustýringu senda ef til straumrofs kæmi, að ekki séu sjálfvirkar takmarkanir á virkni

farsímastöðvar þegar varaafli er í notkun. Hins vegar sé hægt að bregðast við handvirkt séu aðstæður með þeim hætti að félagið telji nauðsynlegt að skerða tiltekna þjónustu til að lengja uppítíma. Eins er tilgreint að félagið flokki gos í Örafajökli sem meiriháttar viðburð og því myndi félagið auka eftirlit með fjarskiptakerfum sínum á svæðinu ef til goss kæmi.

(27) Hvað varðar spurningu stofnunarinnar um hýsingu varaafls er ljóst að Síminn hf. leigir ýmist hýsingu hjá öðrum fjarskiptafélögum eða sér sjálf um hýsingu á sínum búnaði. Þá kom fram að félagið byggi flokkun sína á mikilvægi sendastaða eftir magni umferðar um viðkomandi sendi eða útbreiðslusvæði sendastaðarins.

(28) Í sjöundu spurningu sinni óskað stofnunin upplýsinga um hvaða aðrar öryggisráðstafanir (umfram varaafli) Síminn hf. teldi vera sérstaklega mikilvægar á umræddum sendastöðum, og þá sér í lagi og ef við á, tilgreindum mikilvægum sendastað, sbr. fyrri spurningu. Í svari Símans hf. kemur fram að félagið telji góða hýsingu, fyrsta flokks búnað og góðan frágang við uppsetningu senda og tilheyrandi búnaðar, auk reglubundins viðhalds, vera lykilinn að öruggum rekstri.

(29) Að lokum spurði Póst- og fjarskiptastofnun Símann hf. um hvort félagið teldi æskilegt að stofnunin liti til annarra þátta þegar virkni farneta á umræddu svæði er metin, svo sem landleiða ljósleiðarastrengja, virkni annarra sendastaða en sem eru innan umrædds rýmingarsvæðis o.fl. Í svari félagsins segir að það telji „[b]ætt dreifikerfi fyrir raforku [sé] líklegast til að bæta uppítíma fjarskipta við náttúruhamfarir.“.

(30) Stofnunin sendi bréf til Símans hf., dags. 24. maí 2019, þar sem úttektin var boðuð með formlegum hætti. Þar var jafnframt sett fram framangreind aðferðarfræði og félaginu boðið að gera athugasemdir við hana. Var upplýst um dagsetningu fyrirhugaðrar úttektar. Engar athugasemdir bárust frá félaginu.

V.

Úttekt Póst- og fjarskiptastofnunar

5.1 Trúnaður úttektarskýrslu

(31) Póst- og fjarskiptastofnun hefur gert úttektarskýrslu um framkvæmd og niðurstöður úttektar á varaafli Símans hf. á náttúruvæðu Örafajökuls. Er skýrslan viðauki við ákvörðun þessa og bundin trúnaði. Í þessum kafla ákvörðunarinnar verður því einungis gerð grein fyrir helstu niðurstöðum stofnunarinnar.

(32) Prófun fór fram þann 13. júní 2019. Síminn hf. sendi niðurstöður prófana til stofnunarinnar þann 18. júní 2019. Þar kom fram að niðurstöður væru fyrir alla sendastaði utan [...]² en þar væri geymasettið í eigu Mílu ehf. Ekki bárust niðurstöður fjarprófunar í Freysnesi. Sökum tafa hjá Póst- og fjarskiptastofnun á úrvinnslu niðurstaðna telur stofnunin eðlilegt að fella [...]³ úr úttekt stofnunarinnar.

5.2 Framkvæmd úttektar

[...]⁴

² Fellt út m.t.t. trúnaðar.

³ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

⁴ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

(33) Framkvæmd var fjarprófun á varaafli [...]⁵. Af gögnum Símans hf. má sjá að prófun var framkvæmd í 120 mínútur, þ.e. 2 klst. Hins vegar hefði umrædd prófun átt að standa yfir í 5 klst. samkvæmt síðara viðmiði aðferðafræði úttektarinnar þar sem áætlaður uppitími með varaafli er áætlaður 10 klst. Prófunin leiddi í ljós að flotspenna geymanna var tæplega 55 V. Spennan féll hratt fyrstu 5 mínúturnar eftir að sendastaðurinn var raffæddur með varaaflinu. Slíkt spennufall er eðlilegt. Spennan náði jafnvægi eftir þann tíma og var ávallt rétt um 50 V á prófunartímanum og var 49,5 eftir 120 mínútur við lok prófunar. Þá kom hvorki fram flökt á spennunni né snörp lækkun á henni yfir prófatímann.

(34) Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar sýnir prófunin að varaafli fyrir sendastað Síman hf. [...]⁶ stenst fyrra viðmið aðferðafræði úttektarinnar, þ.e. að varaaflið er nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í 90 mínútur. Hvað varðar síðara viðmið úttektarinnar, þ.e. að prófun gefi til kynna að varaaflið sé nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í samræmi við áhættumat félagsins, þ.e. í um 10 klst. er ljóst að framkvæma átti prófun í 5 klst. Erfitt er því að leggja fullt mat á það hvort að varaaflið sé nægjanlegt til að ná slíku viðmiði. Þótt engar vísbendingar séu um að varaaflið fari hratt dvínandi, að um flökt á spennu sé að ræða eða annað sem gefi til kynna að ætla mætti snarpt fall spennunnar er ljóst að ekki verður fullyrt um að varaaflið myndi endast áætlaðan uppitíma samkvæmt mati félagsins. Verður því ekki komist að annarri niðurstöðu en að líklegast sé að varaafli Símans hf. á [...]⁷ standist síðara viðmið aðferðafræði úttektarinnar. Þó skorti á tímalengd prófunar til að staðfesta slíkt.

(35) Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að varaafli Símans hf. fyrir sendastað félagsins [...]⁸ sé að öllum líkindum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti. Þó skortir á tímalengd prófunar til að staðfesta slíkt.

[...]⁹

(36) Framkvæmd var fjarprófun á varaafli Símans hf. [...]¹⁰. Framkvæmd prófunar stóð í 2 klst. Hins vegar hefði umrædd prófun átt að standa yfir í 2,5 klst. samkvæmt síðara viðmiði aðferðafræði úttektarinnar þar sem áætlaður uppitími með varaafli er áætlaður 5 klst. Prófunin leiddi í ljós að flotspenna geymanna var rúmlega 56 V. Spennan féll mjög hratt strax þegar fjarprófun var sett í gang og sendastaðurinn var raffæddur með varaaflinu. Slíkt spennufall er eðlilegt. Spennan náði jafnvægi eftir um 5 mínútur og féll hægt yfir prófunartímann og var 48,91 V eftir 120 mínútur við lok prófunar. Þá kom hvorki fram flökt á spennunni né snörp lækkun á henni yfir prófatímann.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar sýnir prófunin að varaafli fyrir sendastað Síman hf. [...]¹¹ stenst fyrra viðmið aðferðafræði úttektarinnar, þ.e. að varaaflið er nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í 90 mínútur. Hvað varðar síðara viðmið úttektarinnar, þ.e. að prófun gefi til kynna að varaaflið sé nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í samræmi við áhættumat félagsins, þ.e. í um 5 klst. er ljóst að framkvæma

⁵ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

⁶ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

⁷ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

⁸ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

⁹ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹⁰ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹¹ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

átti prófun í 2,5 klst. Einungis vantar 30 mínútur upp á að tíma prófunarinnar. Ljóst er þó að engar vísbendingar eru um að varaflíð fari dvínandi eða að sérstaklega þurfi að fylgjast með stöðu rafgeymasettsins.

(37) Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að varaafli Símans hf. fyrir sendastað félagsins [...]¹² sé í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti.

[...]¹³

(38) Framkvæmd var fjarprófun á varaafli sendastaðs Símans hf. [...]¹⁴. Af gögnum Símans hf. má sjá að prófun var framkvæmd í um 108 mínútur, þ.e. eilítið styttra en áætlað varaafli og viðmið samkvæmt aðferðafræði úttektarinnar. Prófunin sýnir að flotspenna geymanna var tæp 55 V. Spennan féll hratt fyrstu mínúturnar eftir að sendastaðurinn var raffæddur með varaaflinu. Slíkt spennufall er eðlilegt. Spennan náði ákveðnu jafnvægi eftir þann tíma en fór þó aldrei yfir 49 V. Þá sýnir prófunin að spennan lækkar með jöfnum hætti í um eina og hálfu klukkustund. Rétt um eftir 80 mínútur lækkar spennan nokkuð hratt á ný, þ.e. úr 47,12 V í 45,91 V á mínútu 100. Spennan heldur áfram að lækka fram til mínútu 108 þegar prófun lýkur. Þá er spennan í 44,04 V.

(39) Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar sýnir prófunin að varaafli fyrir sendastað Símans hf. [...]¹⁵ stenst bæði viðmið aðferðafræði úttektarinnar. Í fyrsta lagi, er varðar fyrra viðmið úttektarinnar, þ.e. að varaflíð er nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í 90 mínútur. Í öðru lagi, er varðar síðara viðmið úttektarinnar, þ.e. að prófun gefi til kynna að varaflíð sé nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í samræmi við áhættumat félagsins í meira en 120 mínútur eða 2 klst. Hins vegar er ljóst að mati Póst- og fjarskiptastofnunar að þótt varaflíð standist að öllum líkindum 2 klst. viðmið Símans hf. þá gefur fjarprófunin til kynna að nokkuð snörp lækkun sé að koma fram við lok prófunartímans. Ekki komu fram skýringar eða rökstuðningur frá Símanum hf. hvað þetta varðar. Stofnunin hvetur því Símann hf. tað fylgjast með þróun og gæðum varaaflsins.

(40) Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að varaafli Símans hf. fyrir sendastað félagsins [...]¹⁶ sé í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti. Símanum hf. ber þó að fylgjast náíð með gæðum varaaflsins.

[...]¹⁷

(41) Framkvæmd var fjarprófun á sendastað Símans hf. [...]¹⁸ og stöð prófunin stóð í 2 klst. Hins vegar hefði umrædd prófun átt að standa yfir í 6 klst. samkvæmt aðferðafræði úttektarinnar þar sem áætlaður uppítími með varaafli er áætlaður 12 klst. Prófunin leiddi í ljós að flotspenna geymanna var rúmlega 55 V. Spennan féll mjög hratt strax þegar fjarprófun var sett í gang og sendastaðurinn var raffæddur með varaaflinu. Slíkt spennufall er eðlilegt. Spennan náði jafnvægi eftir um 10 mínútur og féll hægt yfir prófunartímann og var 49,57 V

¹² Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹³ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹⁴ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹⁵ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹⁶ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹⁷ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

¹⁸ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

eftir 120 mínútur við lok prófunar. Þá kom hvorki fram flökt á spennunni né snörp lækkun á henni yfir prófatímann.

(42) Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar sýnir prófunin að varaafli fyrir sendastað Símans hf. [...]¹⁹ stenst fyrra viðmið aðferðafræði úttektarinnar, þ.e. að varaaflið er nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í 90 mínútur. Hvað varðar síðara viðmið úttektarinnar, þ.e. að prófun gefi til kynna að varaaflið sé nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í samræmi við áhættumat félagsins, þ.e. í um 12 klst. er ljóst að framkvæma átti prófun í 6 klst. Erfitt er því að leggja fullt mat á það hvort að varaaflið sé nægjanlegt til að ná slíku viðmiði. Þótt engar vísbendingar séu um að varaaflið fari hratt dvínandi, að um flökt á spennu sé að ræða eða annað sem gefi til kynna að ætla mætti snarpt fall spennunnar er ljóst að ekki verður fullyrt um að varaaflið myndi endast áætlaðan uppítíma samkvæmt mati félagsins. Verður því ekki komist að annarri niðurstöðu en að líklegast sé að varaafli Símans hf. á [...]²⁰ standist síðara viðmið aðferðafræði úttektarinnar. Þó skorti á tímalengd prófunar til að staðfesta slíkt.

(43) Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að varaafli Símans hf. fyrir sendastað félagsins [...]²¹ sé að öllum líkindum í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti. Þó skortir á tímalengd prófunar til að staðfesta slíkt.

[...]²²

(44) Framkvæmd var fjarprófun á varaafli sendastaðar Símans hf. [...]²³. Prófun var framkvæmd í 99 mínútur. Prófunin leiddi í ljós að flötspenna geymanna var tæplega 53,7 V. Spennan féll mjög hratt strax þegar fjarprófun var sett í gang og sendastaðurinn var raffæddur með varaaflinu. Slíkt spennufall er eðlilegt. Spennan náði jafnvægi eftir um 5 mínútur og féll hægt yfir prófunartímann og var 44,11 V eftir 99 mínútur við lok prófunar. Þá kom hvorki fram flökt á spennunni né snörp lækkun á henni yfir prófatímann. Ekki var því þörf á rökstuðningi Símans hf. hvað varðar [...]²⁴.

Að mati Póst- og fjarskiptastofnunar sýnir prófunin að varaafli fyrir sendastað Síman hf. [...]²⁵ stenst bæði viðmið aðferðafræði úttektarinnar. Í fyrsta lagi, er varðar fyrra viðmið úttektarinnar, þ.e. að varaaflið er nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í 90 mínútur. Í öðru lagi, er varðar síðara viðmið úttektarinnar, þ.e. að prófun gefi til kynna að varaaflið sé nægjanlegt til að halda uppi fjarskiptaþjónustu viðkomandi sendis í samræmi við áhættumat félagsins, þ.e. í um 2 klst.

(45) Það er því niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar að varaafli Símans hf. fyrir sendastað félagsins [...]²⁶ sé í samræmi við ákvæði 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti.

VII.

¹⁹ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²⁰ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²¹ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²² Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²³ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²⁴ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²⁵ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²⁶ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

Niðurstaða Póst- og fjarskiptastofnunar

(46) Póst- og fjarskiptastofnun bauð Símanum hf. að gera athugasemdir við drög að niðurstöðuskýrslu stofnunarinnar og boðaðar niðurstöðu úttektarinnar, sbr. tölvupóst stofnunarinnar dags. 23. nóvember sl. Ekki var talin þörf á að funda sérstaklega með félaginu vegna niðurstöðu þessarar úttektar en frestur var veittur til 7. desember sl. Síminn hf. óskaði eftir frest til að yfirfara skýrsludrögin og var frestur veittu til og með 11. desember sl. Stofnuninni barst tölvupóstur frá Símanum hf. þann 10. desember sl. þar sem fram kom að félagið gerði ekki athugasemdir við skýrsludrögin eða boðaða niðurstöðu.

(47) Ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar er því samhljóða niðurstöðu úttektarskýrslunnar.

Ákvörðunarorð

1. Gæði varaafis Símans hf. fyrir sendastaði félagsins [...]²⁷ er í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Síminn hf. skal þó fylgjast náið með gæðum varaafis fyrir sendastað félagsins [...]²⁸.
2. Gæði varaafis Símans hf. fyrir sendastaði félagsins [...]²⁹ er að öllum líkindum í samræmi við 2. mgr. 18. gr. reglna nr. 1222/2007 um virkni almennra fjarskiptaneta, sbr. 3. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti. Skortur er á tímalengd prófunar til að staðfesta slíkt að fullu.
3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.

Reykjavík, 18. desember 2020

²⁷ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²⁸ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

²⁹ Fellt út m.t.t. trúnaðar.

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

Unnur Kr. Sveinbjarnardóttir

Viðauki:

Úttektarskýrsla Póst- og fjarskiptastofnunar frá desember 2020 – *Trúnaðarskjal*.